

**STJÓRNARFUNDUR Á SKIRFSTOFU SSNV HÖFÐABRAUT 6 HVAMMSTANGA  
MIÐVIKUDAGINN 21. APRÍL 2010 KL 14:30.**

Miðvikudaginn 21. apríl kom stjórn SSNV saman til fundar á skrifstofu SSNV á Hvammstanga. Mætt voru: Elín R. Líndal, Björn Magnússon, Ágúst Þór Bragason, Páll Dagbjartsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Þórdís Friðbjörnsdóttir boðaði forföll. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sat fundinn undir 1. lið og Hermann Einarsson var í símasambandi undir 1. lið.

**SSNV- málefni fatlaðra**

- a. **Fundargerð þjónustuhóps frá 16.apríl.** GSG kynnti einstaka liði fundargerðarinnar. Vegna 2. liðar þá samþykkir stjórn endurskoðaða fjárhagsáætlun SSNV málefna fatlaðra fyrir árið 2010. Endurskoðuð áætlun hljóðar uppá 389.756.065 kr. Stjórn samþykkir endurskoðaða áætlun.
- b. **Myndun þjónustusvæðis vegna yfirfærslu málefna fatlaðra.** Framkvæmdastjóri fór yfir afgreiðslur sveitarfélagana vegna erindis SSNV um myndun þjónustusvæðis á Norðurlandi vestra. Bæjarhreppur, Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Skagabyggð, Svf. Skagaströnd, Svf. Skagafjörður, Akrahreppur og Fjallabyggð hafa staðfest þátttöku í myndun þjónustusvæðis með dreifði þjónustu á Norðurlandi vestra.
- c. **Erindi Dalvíkurbyggðar frá 8. apríl 2010.** Í bréfinu er óskað viðræðna við stjórn SSNV um þátttöku í byggðasamlagi um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ræða við bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar.
- d. **Rekstaryfirlit jan-mars 2010.** Lagt fram rekstaryfirlit byggðasamlagsins og einstakra þjónustusvæða jan-mars 2010. Niðurstöðurnar eru í samræmi við áætlanir.

**2. SSNV-atvinnuþróun**

- a. **Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa í mars 2010.** Framkvæmdastjóri fór yfir og skýrði einstök verkefni.
- b. **Rekstraryfirlit jan-mars 2010.** Lagt fram rekstaryfirlit jan-mars 2010. Niðurstöður eru að mestu í samræmi við áætlanir.
- c. **Niðurstöður þjónustukönnunar SSNV atvinnuþróunar.** Lagðar fram til kynningar niðurstöður þjónustukönnunar sem gerð var á meðal viðskiptavina árið 2009.
- d. **Úthlutun úr til atvinnuþróunarfélagana úr verkefnasjóði. Byggðastofnunnar.** Framlag til SSNV atvinnuþróunar eru 3,6 milljónir til þriggja verkefna.
- e. **Önnur mál.**
  1. **Bréf Ferðamálasamtaka Norðurlands vestra og Hýruspors.** Í bréfinu eru kynntar hugmyndir um uppsetningu kynningartjalds á landsmóti hestamanna sem haldið verður á Vindheimamelum í sumar. Óskað er aðstoðar SSNV atvinnuþróunar nánari útfærslu verkefnisins. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.
  2. **Þekkingarsetur á Hvammstanga.** Formaður og framkvæmdastjóri kynntu verkefnið. Stofnfundur Þekkingarsetursins er fyrirhugaður þann 27. apríl n.k. Lögð fram drög að samstarfsyfirlýsingu 18 aðila um aðkomu að Þekkingarsetrinu. Stjórn samþykkir að SSNV gerist

aðili að samstarfsyfirlýsingunni og felur framkvæmdastjóra undirritun.

### 3. SSNV

- a. **Rekstaryfirlit jan-mars 2010.** Lagt fram til rekstaryfirlit fyrstu 3 mánuði ársins 2010. Niðurstöður eru í samræmi við áætlanir

### 4. Ríkisstörf á Norðurlandi vestra – niðurstaða athugunar SSNV.

Framkvæmdastjóri kynnti samantekt um störf á vegum ríkisins á Norðurlandi vestra sem unnin var af SSNV atvinnuþróun. Í samantektinni kemur fram að nettó fjölgun ríkisstarfa er 1,2 milli ára 2008 og 2009 þrátt fyrir sérstakt átak um fjölgun starfa í gegnum NV nefnd um 25. Því er ljóst að áform um fjölgun hafa ekki náð fram að ganga. *Stjórn SSNV mótmælir harðlega fækkun starfa á vegum ríkisins á Norðurlandi vestra. Stjórnin minnir á að árið 2008 var gert sérstakt átak í fjölgun ríkisstarfa á Norðurlandi vestra og gerði það átak ráð fyrir fjölgun starfa um 25. Þau áform hafa að mestu gengið eftir en önnur störf hafa horfið í staðinn þannig að heildarfjölgun 1,2 stöðugildi á milli árana 2008 og 2009. Stjórn SSNV fer fram á það við alþingismenn NV kjördæmis og ríkisstjórn Íslands þessir aðilar beiti sér fyrir því að við fjárlagagerð ársins 2011 verði störfum á vegum ríkisins á Norðurlandi vestra ekki fækkað meira en orðið er, og áfram verði tryggt fjármagn í þau verkefni sem nú þegar njóta stuðnings ríkisins.*

### 5. Bréf og fundargerðir

- a. **Bréf heilbrigðisráðuneytisins dags 5. mars 2010.** Í bréfinu er ályktun SSNV frá 9. febrúar s.l svarað og sjónarmið ráðuneytisins skýrð. *Stjórn SSNV krefst þess að fjárframlög til heilbrigðisstofnunar á Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga ekki skert frekar en orðið er við fjárlagagerð 2011. Skorað er á heilbrigðisráðherra og þingmenn NV kjördæmis að fylgja því eftir fjárlagagerðina. Minnt er á að þessar stofnanir tóku á sig meiri hlutfallslega skerðingu á árinu 2010 en flestar aðrar heilbrigðisstofnanir í landinu.*

- b. **Bréf samstarfsnefndar Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytisins um sameiningar sveitarfélaga dags 8. mars 2010.** Í bréfinu er þess óskað að SSNV kanni möguleika á skipun sérstakrar verkefnisstjórnar á starfssvæðinu sem vinna skal að tillögugerð í samstarfi við samstarfsnefndina, um sameiningarkosti sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Ef stjórn SSNV telur ekki ástæðu til þess að leggja í þessa vinnu þá óskar nefndin eftir því að SSNV tilnefni tvo tengiliði við nefndina á landsvísu þannig að tryggt sé að upplýsingaflæði og samvinna sé til staðar milli aðila. Stjórn SSNV minnir á að þann 4.nóvember 2009 boðaði SSNV sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra til fundar þar sem þessi mál voru til umræðu. Niðurstaða þess fundar var sú að ekki var vilji til þess að leggja í vinnu um sameiningarmál á Norðurlandi vestra. Hins vegar var SSNV falið að fylgjast með framvindu mála varðandi sameiningarmál og miðla upplýsingum. Þá komu fram sjónarmið um afstöðu til sameiningarmála á fundi sem samstarfsnefndin hélt á Blönduósi þann 27. janúar 2010. Í því ljósi og einnig í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga telur stjórn SSNV ekki tilefni til þess að skipa sérstaka verkefnisstjórn um sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra að svo stöddu en tilnefni Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóra SSNV og Björn Magnússon oddvita Húnavatnshrepps og stjórnarmann SSNV tengiliði við nefndina.

- c. **Bréf framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 8. apríl 2010.** Í bréfinu er kynnt ákvörðun fastanefndar EFTA um að setja á fót sveitarstjórnarvettvang innan EFTA ásamt verklagsreglum. Bréfinu fylgdi samantekt frá fundi um sveitarstjórnarvettvang EFTA sem sendinefndir Noregs og Íslands áttu í Strassborg þann 18. mars 2010. Í samantektinni eru kynntar hugmyndir um hvernig staðið skuli að tilnefningu sex kjörinna fulltrúa og sex til vara til að taka þátt í fundum vettvangsins, en þar er gert ráð fyrir að landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefni 4 aðalmenn og 4 til vara. Stjórn SSVN samþykkir fyrir sitt leiti að taka þátt í tilnefningu fulltrúa í vettvanginn í samráði við önnur landshlutasamtök.
  - d. **Bréf mennta og menningarmálaráðuneytisins frá 8. apríl 2010.** Í bréfinu er kynnt ráðstefnan menningarlandið 2010 sem haldin verður í Reykjavík þann 30. apríl n.k.
  - e. **Bókun stjórnar Eypings frá 25. mars um tillögur að styttingu. Hringveggarins í Austur Húnavatnssýslu og Skagafirði.** Lagt fram til kynningar.
  - f. **Ályktun Félags íslenskra atvinnuflugmanna um Reykjavíkurlugvöll.** Lögð fram til kynningar.
  - g. **Bréf formanns verkefnisstjórnar Rammaáætlunar – Niðurstöður faghópa.** Lagt fram til kynningar.
  - h. **Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 26. mars 2010.** Lögð fram til kynningar.
  - i. **Stjórnar Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga frá 26. mars 2010.** Lögð fram til kynningar.
6. **Umsagnir um frumvörp**
- a. **Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (skil á fjárhagsupplýsingum), 452. Mál.** Gerir ekki athugasemdir.
  - b. **Frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 342. Mál.** Veitir ekki umsögn.
  - c. **Frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald, 333. Mál.** Veitir ekki umsögn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 17:00.  
Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.